

## Stöðuskýrsla um afreksstarf Landssambands hestamannafélaga október 2023

### Starfsmenn í afreksmálum

- Verkefnastjóri afreksmála, starfshlutfall 60%
- Landsliðsþjálfari A-landsliðs
- Landsliðsþjálfari U-21 landsliðs
- Yfirþjálfari hæfileikamótunar
- Aðstoðarlandsliðsþjálfarar á HM

### Landsliðshópar LH 2023

A-landsliðshópar LH árið 2023 skipa 17 knapar alls, 5 konur og 12 karlar.

U21-landsliðshóparinn 2023 skipa 16 knapar alls, 7 strákar og 9 stelpur.

Við val á knöpum í landsliðshópum er tekið tillit til árangurs í keppni, reiðmennsku, hestakosts og íþróttamannslegrar framkomu. Ákveðnir viðburðir eru skylduviðburðir fyrir alla landsliðsknapa að mæta á, eins og líkamlegar mælingar, fjáröflunarmót landsliðsins „Allra sterkustu“, Menntadagur landsliðsins ákveðin WR-mót og Íslandsmót.

### Starfsemi A-landsliðsins

Í upphafi vetrar var sett upp dagskrá fyrir landsliðið fram að HM. Hún fól m.a. í sér fyrirlestra, líkamlegar mælingar og nokkur WR-mót sem landsliðsknapar skyldu taka þátt í. Allir knapar í A-landsliði keppa í Meistaradeildinni í hestaíþróttum sem er innanhússmótaröð. Í keppnistímabili sumarsins er knöpum gert að taka þátt í tveimur WorldRanking mótum ásamt Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna.

Um miðjan júlí var val á knöpum fyrir heimsmeistaramót kynnt en Ísland á sjö sæti í fullorðinsflokki á mótinu, og að auki mættu tveir titilverjendur frá HM 2019 til þátttöku á HM 2023.

### Starfsemi U21-landsliðs

Í U21-árs landsliðshópnum er knöpum skylt að hitta reiðkennara/þjálfara reglulega.

Landsliðsþjálfari hittir knapana og þjálfara þeirra með reglulegu millibili og fylgist náið með þjálfunarferlinu og gerir stöðumat. Boðið er upp á þjálfunarhelgar þar sem allur hópurinn hittist ásamt gestakennara og gestafyrirlesurum.

Knapar í U21-liðinu taka þátt í mótariðum vetrarins, ýmist í sínum aldursflokki eða í flokki fullorðinna og eru í þeim tilvikum að keppa upp fyrir sig í aldri.

Í keppnistímabili sumarsins er knöpum gert að taka þátt í tveimur WorldRanking mótum ásamt Íslandsmóti fullorðinna og ungmenna.

Um miðjan júlí var val á knöpum fyrir heimsmeistaramót kynnt en Ísland átti fimm sæti í flokki ungmenna á mótinu.

### Hæfileikamótun LH

Hæfileikamótun 2023 fyrir 14 til 17 ára unglunga hófst í nóvember 2022. Auglýst var eftir þátttakendum í öllum landshlutum, 52 unglingar sóttu um og voru 31 unglingar valdir inn í Hæfileikamótun. Þátttakendur komu víð að af landinu, allt frá Hornafirði norður í Eyjafjörð.

Með þessu fyrirkomulagi er hægt að fylgjast betur með efnilegum ungum krökkum og hestakosti þeirra um allt land og um leið þróa og auka samfellu milli afrekshópa LH.

Síðast liðinn vetur var viðburðarríkur og hófst árið með heimsókn til Háskólans á Hólum þar sem gíst var í tvær nætur. Á Hólum fengu þau aðgang að aðstöðu, kennurum og hestum skólans. Þar var farið í marga af grunnþáttum reiðmennskunnar m.a. ásetu og stjórnun, fimíæfingar, ásetuæfingar og þjálfun á gangtegundum.

Ásamt þessu voru fengu allir tvær kennsluhelgar eftir áramót þar sem kennt í einkatímum og boðið upp á fyrirlestra, m.a. næringarfræðings og markþjálfara. Fengu þau aðstoð við þjálfun á sínum keppnishestum þar sem lögð var áhersla á hestvænar aðferðir ásamt því að auka skilning fyrir hestinum. Síðan var einn dagur um vorið kennt úti á hringvelli þar sem var aðstoðað við þjálfun á velli ásamt því að stilla upp fyrir keppni, með undirbúning fyrir Íslandsmót barna og unglinga í huga.

### **Heimsmeistaramót**

Heimsmeistaramót íslenska hestsins 2023 var haldið í Oirschot í Hollandi 8. til 13. ágúst. Ísland sendi alls 9 knapa í flokki fullorðinna og 5 knapa í ungmennaflokki. Á ýmsu gekk í aðdraganda mótsins þar sem taka þurfti ákvörðun um að vísa titilhafa úr liðinu vegna ítrekaðra agabrota. Þeir knapar sem valdir voru og áttu sæti í liðinu mynduðu góða liðsheild og var eftir því tekið hversu góður liðsandi og samheldni skapaðist hjá íslenska liðinu á mótinu.

Árangur íslenska liðsins var með þeim besta sem náðst hefur á HM frá upphafi. Niðurstaðan var fimm gullverðlaun og tvö silfur í flokki fullorðinna, og í ungmennaflokki 6 gullverðlaun og 1 silfur.

### **Lokaorð**

Heimsmeistaramótið í Hollandi var hápunktur afreksstarfsins á árinu. Uppbygging afrekstarfs LH gengur miðar jafnt og þétt, við tókum framfarskref á hverju ári og er landsliðsnefnd sáttt við framvinduna sem hefur skilað sér eftirtektarverðum í framförum í reiðmennsku í yngri flokkum og efsta stigi afrekshestaíþróttá á Íslandi.